

06.01.2021

## Beiðni um aukna fjárheimild til aðildarsveitarfélaga Bergrisans bs.

Óskað er eftir umfjöllun og afgreiðslu aðildarsveitarfélaga Bergrisans bs. vegna viðaukasamnings við Sólheima SES í samræmi við 6. gr. samþykktar Bergrisans bs.

Stjórn Bergrisans hefur samþykkt samninginn fyrir sitt leyti.

Samningurinn er tvíþættur, annars vegar er fjallað um þjónustu við einn einstakling með miklar þjónustuþarfir og hins vegar lánasamning til nauðsynlegrar uppbyggingar á íbúðarhúsnæði.

Gert er ráð fyrir að einstaklingurinn flytji að Sólheimum eigi síðar en 1. Apríl 2021 og því ljóst að ráðast þarf í framkvæmdir á húsnæði hið fyrsta.

Húsnæðið uppfyllir reglugerð um húsnæði fyrir fatlað fólk og mun nýtast Bergrisanum til framtíðar. Því er um að ræða hagkvæma uppbyggingu á húsnæðiskosti á þjónustusvæðinu.

Eins og áður sagði er samningurinn tvíþættur og það sem þarfnast afgreiðslu umfram það sem áður var samþykkt á fjárhagsáætlun 2021 er eftirfarandi:

- Þjónustubáttur: Fjárhagsáætlun 36 mkr þegar tekið er tillit til kostnaðar við búsetu og hæfingu. Samningur hljóðar upp á 45.8 mkr þegar tekið er tillit til sömu þátta og er því mismunur 9.8 mkr. Í samningi er kveðið á um endurskoðun á vaktkerfi en líklegt þykir að hægt sé að draga úr þeim kostnaði þegar einstaklingur hefur komið sér fyrir. Aðeins er greitt fyrir það vaktkerfi sem er í gangi hverju sinni.
- Lán til Sólheima að upphæð 18 mkr til að hægt sé að gera nauðsynlegar breytingar á húsnæði.

Fyrir hönd stjórnar Bergrisans bs.,

Íris Ellertsdóttir, verkefnastjóri

Fylgiskjöl:

### **Viðaukasamningur við Sólheima**

Kostnaðaráætlun vegna nýs heimilis, (ath miðar við tvo einstaklinga sem munu búa í húsnæðinu, Bergrisin ber kostnað vegna annars þeirra).

Þjónustusamningur við Sólheima

Fundargerðir stjórnar Bergrisans, 24. og 25. fundur